

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi.

1. gr.

Sorpeyðingargjald.

Sorpeyðingargjald er eftirfarandi:

Einbýlishús/ibúð	29.920 kr.
Sumarhús	14.960 kr.
Lögbýli	29.920 kr.
Atvinnuhúsnæði	29.920 kr.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlum úrgangs og tengda starfsemi. Gjaldið skal lagt á allar íbúðir sem birtar eru í fasteignamati, aukaíbúðir í húsum sem eru birtar í fasteignamati sem óskiptar eignir, lögbýli og atvinnuhúsnæði sem birt eru í fasteignamati.

Sorpeyðingargjald er ætlað til að standa undir kostnaði við sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva.

Sorpeyðingargjald greiðist til sveitarsjóðs Reykhólahrepps og skulu gjalddagar vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

2. gr.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

Sorpeyðingargjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld skv. gjaldskránni miðast við vísitölu neysluverðs 1. desember 2015 (430,8 stig) og breytast í samræmi við hana árlega. Gjaldskráin tekur þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 231/2015.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps 14. janúar 2016.

Reykhólahreppi, 14. janúar 2016.

Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri.